



## UMBOÐSMAÐUR BARNA

Mennta- og barnamálaráðuneytið  
b.t. Ásmundar Einars Daðasonar, mennta- og barnamálaráðherra

Reykjavík 13. apríl 2022

### **Efni: Skýrsla um framkvæmd skólastarfs í grunnskólum landsins**

Samkvæmt 4. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, ber ráðherra að leggja fram á Alþingi skýrslu um framkvæmd skólastarfs í grunnskólum landsins sem byggist m.a. á skýrslum sveitarfélaga um skólahlald.

Í greinargerð með frumvarpi sem varð að núgildandi lögum um grunnskóla, kemur fram, að með ákvæði 4. gr. hafi ætlunin verið að skilgreina hlutverk menntamálaráðuneytis skýrar, m.a. ábyrgð þess fyrir upplýsingasöfnun um skólahlald í grunnskólum, greiningu gagna og upplýsingagjöf til Alþingis.

Á 149. löggjafarþingi 2018-2019 var lögð fyrir Alþingi skýrsla um framkvæmd skólahlalds í grunnskólum skólaárin 2010-2016 og hefur því ráðuneytið eingöngu lagt fram eina skýrslu á þeim fjórtán árum sem liðin eru frá gildistöku núgildandi laga um grunnskóla. Af framangreindu er ljóst að ráðuneytið hefur ekki sinnt þeirri lögbundnu skyldu sinni að leggja á þriggja ára fresti fram skýrslur um framkvæmd skólastarfs, til að gera löggjafarvaldinu kleift að sinna því hlutverki sínu, að veita framkvæmdarvaldinu aðhald og eftirlit.

Á síðustu árum hefur mikil opinber umræða átt sér stað um starfsumhverfi grunnskóla, líðan nemenda og fyrirkomulag kennslu, en það kallar á frekari upplýsingagjöf og miðlun af hálfu ráðuneytisins um stöðu grunnskóla og grunnskólanemenda í íslensku samfélagi. Þá er sérstaklega brýnt að fram komi sem fyrst skýrsla um framkvæmd skólastarfs í grunnskólum á síðustu tveimur árum, þar sem sóttvarnaaðgerðir hafa haft víðtæk áhrif.

Með vísan til framangreinds, óskar umboðsmaður barna eftir upplýsingum um það, hvenær ráðuneytið hyggst leggja fram skýrslu til Alþingis um framkvæmd skólastarfs í grunnskólum landsins.

Virðingarfyllt,

Salvör Nordal, umboðsmaður barna